

Fundir með Björgunarsveitinni Sæbjörg á Flateyri

Hafnarstjóri hefur undanfarin misseri átt fundi með Björgunarsveitinni Sæbjörgu á Flateyri er varðar skábraut.

Björgunarsveitin á von á að fá nýjan björgunarbát sem er svokallaður léttbotnabátur og byggist notkun hans á því að sjósetja og taka á land við hverja ferð.

Þar sem núverandi skábraut er á snjóflóðasvæði er nauðsynlegt að byggja skábraut austan í Eyraroddanum sunnan við Hjálmsúsið sem er á Hafskipakantinum. Fjármögnun bátsins er lokið og báturinn kominn í framleiðsluferli. Nauðsynlegt er að skábrautin verði byggð í sumar þannig að hún verði tilbúin til notkunar á vetrarmánuðum þegar báturinn verður væntanlegur.

